



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

## Erindisbréf Loftslags- og Umhverfisnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

### I. Kaffli - Umboð og hlutverk

#### *1. grein - Um málefni nefndarinnar*

Loftslags- og umhverfisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps er skipuð af sveitarstjórn og fer hún í umboði hennar með þau loftslags-, umhverfis- og sorpmál sem henni eru falin eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu sem sveitarstjórn hefur staðfest og almenningur skal hafa greiðan aðgang að. Nefndin starfar í samræmi við lög um landgræðslu nr. 155/2018, lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og lög um loftslagsmál nr. 70/2012. Jafnframt fer nefndin með málefni og hlutverk náttúruverndarnefndar samkvæmt 14. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Nefndin starfar samkvæmt IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II.kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og að öðru leyti eftir því sem lög og reglugerðir segja fyrir um og sveitarstjórn felur henni.

#### *2. grein - Skipan nefndarinnar*

Loftslags- og umhverfisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps er skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara. Kjörtímabil fulltrúa miðast að jafnaði við kosningar til sveitarstjórnar nema sveitarstjórn ákveði annað. Að jafnaði kys sveitarstjórn formann nefndarinnar í upphafi kjörtímabils. Á fyrsta fundi nefndarinnar fer fram kjör varaformanns og ritara. Kjör þessara embætta getur endurnýjast síðar ef skipan nefndarinnar breytist eða ef aðrar breytingar verða.

#### *3. grein - Hlutverk nefndarinnar*

Hlutverk Loftslags- og umhverfisnefndar er að vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi umhverfismál. Þar með talin hreinlætismál, fráveitumál og fleira samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru og að fylgja því eftir að framfylgt sé þeim þáttum á því sviði sem er hlutverk sveitarstjórna en ekki annarra að framfylgja. Umhverfisnefnd annast að auki þau verkefni sem henni eru falin af sveitarstjórninni sérstaklega hverju sinni á sviði umhverfismála.

Loftslags- og umhverfisnefnd vinnur að gerð loftslagsstefnu sveitarfélagsins með sveitarstjórn samkvæmt 5. grein laga um loftslagsmál nr. 70/2012.

Loftslags- og umhverfisnefnd lítur eftir þeim svæðum sveitarfélagsins sem eru á náttúruminjaskrá.

#### *4. grein - Umfjöllunarefni*

Loftslags- og umhverfisnefnd tekur til umfjöllunar ástand útivistarsvæða, almennra leikvalla, göngu- og hjóltreidastíga og gerir tillögur til úrbóta telji hún þess þörf. Umhverfisnefnd stuðlar að merkingu og kynningu á náttúruminum svo og þeim stöðum öðrum sem hafa sérstakt útivistar- eða sögulegt gildi.



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

## *5. grein - Umsagnir*

Loftslags- og umhverfisnefnd veitir sveitarstjórn umsögn um svæðis-, aðal- og deiliskipulagstillögur eins og tilefni falla til hverju sinni á verkefnasviði nefndarinnar. Umhverfisnefnd skal á sama hátt fá til umsagnar áætlanir um verklegar framkvæmdir sem stofnað geta í hættu umhverfisþáttum sem sérstakt gildi hafa og er líklegt að hafi áhrif á náttúruna.

Loftslags- og umhverfisnefnd fer með fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmda þegar sveitarfélagið sjálft er framkvæmdaraðili.

## *6. grein - Fegrun og viðurkenningar*

Loftslags- og umhverfisnefnd skal eftir megni stuðla að fegrun sveitarfélagsins og snyrtilegri umgengni og leggja sérstaka áherslu á samstarf við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga í því sambandi. Nefndin skal annað hvert ár leitast við að veita viðurkenningu aðilum sem skarað hafa fram úr hvað varðar snyrtimennsku, falleg mannvirki eða á öðru sviði umhverfisverndar.

## *7. grein - Fræðsluefni*

Loftslags- og umhverfisnefnd skal stuðla að hverskyns kynningu og útgáfu fræðsluefnis til íbúa sveitarfélagsins, fyrirtækja og stofnana um þau umhverfismál sem eru á verksviði nefndarinnar.



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

## II. Kafli - Fundir og starfshættir

### 8. grein - Um boðun funda

Formaður Loftslags- og umhverfisnefndar boðar fundi nefndarinnar og ákveður dagskrá þeirra. Formaður getur falið skrifstofu sveitarfélagsins að boða fundi í nafni nefndarinnar. Nefndin heldur fundi þegar verkefni liggja fyrir, þó ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Skyld er að boða til fundar ef einn aðalmanna í Loftslags- og umhverfisnefnd æskir þess. Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps starfar með nefndinni og stuðlar að því að samþykktum og ákvörðunum hennar sem sveitarstjórn hefur staðfest sé hrint í framkvæmd. Hann hefur seturétt á fundum nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn, eða varamenn í forföllum aðalmanna, svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarinnar. Starfsfólk skrifstofu sveitarfélagsins annast boðun funda nefndarinnar í samráði við nefndarformann. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar umhverfisnefndar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefndin hefur heimild til að boða á sinn fund starfsmenn sveitarfélagsins eða öðrum aðilum, telji hún að þess gerist þörf.

### 9. grein - Ályktunarhæfi

Loftslags- og umhverfisnefnd getur enga samþykkt eða ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Nefndarmaður getur ekki fjallað um mál sem varða hann sjálfan eða náíð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi nefndarmanna fer eftir ákvæðum 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

### 10. grein - Réttindi og skyldur

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi Loftslags- og samgöngunefndar, nema lögmat forföll liggja fyrir.

Þeir sem sitja fundi Loftslags- og umhverfisnefndar skulu gæta fyllsta trúnaðar varðandi persónulega hagi einstaklinga sem rædd kunna að vera á fundum, fyrirmælum formanns og leynt eiga að fara samkvæmt lögum. Þagnarskylda fellur ekki niður þó nefndarfulltrúi láti af störfum sem slíkur.

Á nefndinni hvílir upplýsingaskylda til þeirra er mál varða og skal formaður greina málsaðilum frá úrslitum mála, en ekki aðrir nefndarmenn.

Um réttindi og skyldur fer að öðru leyti samkvæmt IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 49. grein samþykktar Skeiða- og Gnúpverjahrepps um stjórn og fundarsköp nr 415 frá 2022..

Nefndarmönnum er skylt að starfa eftir siðareglum kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahrepp

### 11. grein - Fundargerðir

Rita skal í rafræna fundargerð öll mál sem fjallað er um í Loftslags- og umhverfisnefnd og skulu allir viðstaddir rita nöfn sín undir prentað eintak hennar og setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar, sem tölusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir Loftslags- og umhverfisnefndar.

Rita skal í sérstaka fundargerðarbók að fundargerð sé skráð í tölvu ásamt dagsetningu fundar og fjölda blaðsíðna rafrænnar fundargerðar. Allir fundarmenn skulu rita undir þessa fundargerð.

Fundargerðarbók, afrit af skýrslum, sendibréfum og skjölum Loftslags- og umhverfisnefndar ásamt lögum og reglugerðum er varða nefndina, svo og erindisbréf, skulu vera tiltæk á öruggum stað á skrifstofu sveitarfélagsins. Formaður nefndar skal sjá um að afrit af fundargerðum Loftslags- og umhverfisnefndar séu send sveitarstjórn til kynningar og/eða til samþykktar að loknum hverjum fundi. Nefndarmenn skulu einnig fá afrit af fundargerðum hennar. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varðveislu. Sveitarstjórn sér til þess að Fundargerðir Loftslags- og umhverfisnefndar skulu birtar á heimasíðu sveitarfélagsins.



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Með fundargerð fer að öðru leyti samkvæmt 48. grein sveitarstjórnarlaga og 2. málsgrein 33. greinar samþykktar Skeiða- og Gnúpverjahrepps nr. 415 frá 2022.

## III. Kafli - Markmið og verkaskipting

### 12. grein - Markmið

Markmið Loftslags- og umhverfisnefndar er að vinna í þeim anda að hafa að leiðarljósi umhverfisvernd og vinna í anda sjálfbærrar þróunar sem miðar að því að nýta grundvallargæði náttúrunnar á skynsamlegan hátt. Loftslags- og umhverfisnefnd skal á sem faglegastan hátt vera sveitarstjórn til ráðuneytis í þeim málaflokkum sem snerta starfssvið nefndarinnar og að sama skapi stuðla að aukinni þekkingu almennings á þeim sömu umhverfisþáttum og fram koma í erindisbréfi þessu. Ávallt skal haft að markmiði að ásýnd sveitarfélagsins og umhverfi líti sem best út og snyrtimennska og góð umgengni sé höfð í fyrirrúmi.

### 13. grein - Þagnarskylda og siðareglur

Loftslags- og umhverfisnefnd skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

Nefndarmönnum er skylt að starfa eftir siðareglum kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

## IV. Kafli - Hæfi, réttindi og skyldur nefndarmanna og annarra fundarmanna

### 14. grein - Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda, eftir því sem við á, ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps 415 frá 2022. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði.

### 15. grein - Hæfi nefndarmanna

Um hæfi nefndarmanna í Loftslags- og umhverfisnefnd gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Um hæfi annarra sem sitja fundi Loftslags- og umhverfisnefndar gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

### *16. grein - Fundarsókn*

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi Loftslags- og umhverfisnefndar nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns svo hægt verði að boða varamann hans á fund.

### *17. grein - Þagnarskylda*

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

Nefndarmönnum er skylt að starfa eftir siðareglum kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

## **V.Kafli - Málsmeðferðarreglur nefndarinnar**

### *18. grein - Málsmeðferð*

Við meðferð mála hjá Loftslags- og umhverfisnefnd, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnarsýslumáli, skulu nefndarmenn gæta ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

### *19. grein - Jafnræði og meðalhóf*

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir nefndinni áður en tekin er ákvörðun, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

### *20. grein - Upplýsingaskylda*

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er um í 16. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 140/2012.

### *21. grein - Ákvarðanir og leiðbeiningar*

Ákvörðun Loftslags- og umhverfisnefndar skal tilkynnt aðila máls skriflega. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kæru- og endurupptökuheimild og fresti til að kæra eða endurupptaka mál.



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

## VI.Kafli - Endurupptaka máls

### 22. grein - Endurupptaka

Eftir að Loftslags- og umhverfisnefnd hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til sveitarstjórnar

## VII.Kafli - Stjórnsýslukæra

### 23. grein - Stjórnsýslukæra

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun Loftslags- og umhverfisnefndar til æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun nefndarinnar, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

## VIII.Kafli - Gildistaka

### 20. grein - Gildistaka erindisbréfs

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps nr. 415/2022, tekur gildi við samþykkt þess af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Með samþykkt erindisbréfs þessa fellur úr gildi eldra erindisbréf.

Samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps xx. xxxx xxxx.

Samþykkt á fundi Loftslags- og umhverfisnefndar xx. xxxx xxxx.